

Stjórnarfundur 8. Ágúst 2015 – Herning, Danmörku

Mætt voru; Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Vignir Sigurðsson, Magnús Jósefsson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð.

Sveinn kynnti ráðningu Kristin Hugasonar og stefnumótun hefst í næstu viku. Stefnt er að því að fá Kristinn til að kynna grunnvinnuna á næsta stjórnarfund, ásamt því að Karvel og Gunnfríður hjá RML hafa lýst áhuga sínum á að funda með stjórn FHB og stefnt er á að komi líka á þann stjórnarfund.

Markaðsverkefnið – Sveinn sagði frá því að auglýsingastofan Pipar hefði fengið verkið og á næstu 2 vikum verða haldnir 2 vinnufundir með þeim.

Eysteinn sagði frá fyrirhuguðum fundum með erlendum hagsmunaaðilum á vegum Markaðsverkefnisins til að fá þá til samstarfs. Útvíkka þarf þetta verkefni yfir á hestaleigurnar og fá þær til samstarfs.

Aðalfundurinn verður haldinn 7. Nóvember og þann 8. Nóvember verður hrossaræktarráðstefnan og um kvöldið uppskeruhátíðin í samstarfi við LH.

Haustfundir aðildarfélaganna – Sveinn og Þorvaldur Kristjánsson fara í fundarferð í haust og vilja fá stjórnarmenn á hverju svæði í lið með sér.

Húsnæðisbreytingar í Bændahöllinni kynntar og rætt um að skoða þurfi möguleika á tekjum til félagsins þar sem Búnaðargjaldið er á leið út

Á þessu ári er Félag hrossabænda 45 ára og var rætt um hvað ætti að gera til að halda upp á þetta. Eysteinn spurði hvort útgáfa bókarinnar sem Hulda og Frederike hafa unnið að væri ekki tilvalin af þessu tilefni.

Magnús spurði um stöðu sumarexemrannsóknna. Sveinn sagði næsta skref þeirra á væru samanburðarrannsóknir í 3 ár. Á næsta ári verður haldin ráðstefna á Hvanneyri og stefnt er á að þar verið teknar ákvarðanir um næstu skref í þessu ferli. Á þeim tíma eiga að liggja fyrir niðurstöður úr rannsókninni í Cornvell háskólanum.

Magnús er sammála um að lista þurfi upp mögulega tekjumöguleika félagsins og leggja fyrir Kristinn Hugason.

Sveinn sagði frá því að verið væri að skoða tímabundna breytta nýtingu á stofnverndarsjóði.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.